

Fimmtudaginn 21. maí 1992.

Nr. 73/1992.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sölva Arnari Arnórssyni

(Örn Clausen hrl.).

Tilraun til manndráps. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. janúar sl. Hann krefst þyngingar á refsingu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Sölvi Arnar Arnórsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ástæða er til að efast um, hversu harðnaður vilji hafi dregið ákærða til verknaðar síns, sbr. 2. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og atvik að brotinu útiloka ekki, að litið verði til ákvæða 75. gr. laganna við ákvörðun viðurlaga. Með vísan til þessa tel ég refsingu ákærða hæfilega ákveðna 4 ára fangelsi. Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði annarra dómenda.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 11. desember 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 11. desember, er á dómþingi sakadóms Ísafjarðar, sem háð er að Hafnarstræti 1 af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 503/1991: Ákærvaldið gegn Sölva Arnari Arnórssyni, sem tekið var til dóms 22. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. október 1991, á hendur ákærða, Sölva Arnari Arnórssyni sjómanni, Fjarðarstræti 17, Ísafirði, kt. 170862-5629, „fyrir tilraun til manndráps, en til vara fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa um kl. 4 aðfaranótt föstudagsins 31. maí 1991 stungið Sigurmar Davíð Gíslason, þá til heimilis að Sundstræti 31, Ísafirði, með eldhússníf í kvið undir vinstra rifjabarði, þar sem Sigurmar Davíð var sofandi við hlið Heiðrúnar Huldu Jónasdóttur, fyrrverandi sambýliskonu ákærða, í svefnherbergi hennar í íbúð á jarðhæð til vinstri í fjölbýlishúsinu Urðarvegi 80, Ísafirði, en síðan stungið hann í vinstra læri. Sigurmar Davíð var fluttur í sjúkraflugvél til Reykjavíkur, þar sem gerð var á honum skurðaðgerð á kviði.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar”.

— — —

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir.

Aðfaranótt föstudagsins 31. maí síðastliðins skömmu eftir kl. 4 var óskað eftir aðstoð lögreglu að fjölbýlishúsinu nr. 78 við Urðarveg vegna manns, sem stunginn hafði verið með hnífi. Er komið var á staðinn, lá Sigurmar Davíð Gíslason, kt. 260366-4679, í blóði sínu í anddyri íbúðar á jarðhæð hússins. Var hann með sár ofarlega á kviði og skurð á vinstra læri. Meðan beðið var komu sjúkrahífreiddar, reyndi íbúi í húsinu, Guðjón Helgi Ólafsson, að hlynnna að hinum særða, en síðan var hann fluttur á Fjórðungs-sjúkrahúsið á Ísafirði.

Meðal þeirra, sem lögregla ræddi við á vettvangi, var Sölvi Magnús Gíslason, kt. 270559-3019. Kvað hann frænda sinn, ákærða í málinu, hafa veitt Sigurmar áverkana. Sölvi, sem var ofurólvi, fór síðan með lögreglu inn í fjölbýlishúsið nr. 80 við Urðarveg, en þar í íbúð á jarðhæð til vinstri sagði hann atvikið hafa orðið. Þar voru fyrir ákærði og fyrrverandi sambýliskona hans, Heiðrún Hulda Jónasdóttir, sem þá bjó í íbúðinni. Einnig

voru þar tvö börn þeirra, eins árs og þriggja ára gömul. Ákærði var sýnilega ölvaður, en rólegur og sýndi ekki minnsta mótþróa við handtöku. Var hann síðan færður í fangageymslu lögreglunnar. Þangað kom lækni kl. 10.52 og tók honum blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Jafnframt var ákærða gert að láta í té þvagsýni. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna á sýnum þessum reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,42‰, en í þvaginum mældist vinandinn 2,52‰.

Við komu á sjúkrahús var Sigurmar með fullri meðvitund og kvartaði undan miklum verkjum í kviðarholi. Í vottorði Þorsteins Jóhannessonar yfirlæknis segir svo um skoðun þá, sem gerð var á sjúklingnum: „Við skoðun fannst 5 cm langt stungusár undir vinstra rifjabarði, og út um þetta sár lá netjubútur. Kviður var harður og garnahljóð nánast upphafin. Framanvert á vinstra fótlegg var u.þ.b. 12 cm langt, skálaga sár, að mestum hluta yfirborðskennt, en náði að hluta til í gegnum húð. Ekki voru vöðvar, taugar eða æðar eða aðrir djúpir vefjahlutar skaddaðir.

Strax við komu á slysadeild var fenginn aðgangur að bláæð, gefinn vökví í æð, dregið blóð í krossapróf, og sjúklingur fékk verkjalyf. Skurðstofa var undirbúin meðan ástand sjúklings var metið. Það var samdóma álit læknanna Jens A. Guðmundssonar, staðgengils yfirlæknis, og Magnúsar Halldórssonar heilsugæslulæknis, að ástand sjúklings væri það stóð, að leyfður væri flutningur til Reykjavíkur til aðgerðar á áverkum í kviðarholi. Það lá hins vegar ljóst fyrir, að aðgerð yrði að eiga sér stað sem fyrst til að kanna innri áverka og gera að þeim. Vegna betri aðstæðna á Reykjavíkursvæðinu fluttist sjúklingur með sjúkraflugi á Landspítalann, og reyndist ástand hans stóð allan tímann.”

Um komu Sigurmars á Landspítalann og aðgerð þá, sem á honum var gerð, segir svo í vottorði Tómasar Jónssonar, sérfræðings á handlækningadeild: „Við komu hingað á sjúkrahúsið var sjúklingur með fullri meðvitund, og lífsmörk voru innan eðlilegra marka. Hann var nokkuð meðtekinn af verkjum.

Skoðun við komu a. ö. l. sýndi, að kviður var þögull og spenntur og aumur viðkomu og undir vinstra rifjabarði var 5-7 cm sár, sem innanmör stóð út úr. Framan á vinstri fótlegg voru umbúðir og undir þeim sár í húð, sem hafði verið saumað saman. A. ö. l. var skoðun við komu ómarkverð. Eftir venjulegan undirbúning var sjúklingur tekinn strax til aðgerðar og kviðarhol opnað. Í ljós kom, að í öllu kviðarholinu var mikið af matarleifum og blóði. Á magasekknum var 15 cm löng rifa. Í hengju þverristils var spýtandi slagæð. 20 cm frá upphafi smáþarma var þverrifa á smáþarminum, sem náði næstum um allt ummál garnarinnar. 40 cm frá upphafi smáþarma var 2 cm rifa á þarminum. Ekki fundust önnur áverkamerki í kviðarholi. Gert var við þetta með hefðbundnum handlækniaðferðum,

og sjúklingur náði fljótt bata, og við heimsókn í göngudeild eftir útskrift 12. júní hafði sjúklingur engar kvartanir fram að færa, og öll sár voru gróin. Horfur sjúklings verða að teljast mjög góðar, og allt bendir til þess, að hann muni ná sér að fullu og engin eftirköst hafa.”

Er ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins, skýrði hann frá öllum helstu málsatvikum á sama veg og við yfirheyrslu hjá lögreglu og viðurkenndi að hafa ætlað sér að ráða Sigurmar bana með hnífstungunni. Kvað ákærði ásetning hafa vaknað til verksins við að sjá þau Heiðrúnu sofandi saman í hjónarúminu, en á þeirri stundu hefði ekkert annað komist að í huga sér en ráða Sigurmar af dögum. Þá kom fram fyrir dómi, að Sigurmar hefði legið sofandi á bakinu, er ákærði svipti sænginni frá og lagði til hans með hnífnum. Taldi ákærði líklegt, að Sigurmar hefði síðan, er hann spratt á fætur, „hnikað til vinstra fæti” með þeim afleiðingum, að hnífurinn stakst í vinstra læri hans. Fullyrti ákærði, að þetta hefði verið óviljaverk og hann alls ekki ætlað sér að stinga Sigurmar öðru sinni, enda áður runnið upp fyrir sér, hvað hann hefði gert. Kvaðst ákærði eftir þetta ekki hafa veist að Sigurmar á nokkurn hátt.

Í lok yfirheyrslunnar las ákærði yfir framburðarskýrslu sína hjá lögreglu í viðurvist verjanda og staðfesti síðan efni hennar að öllu leyti. Þá staðfesti hann einnig fyrri framburð fyrir dómi, sem gefinn var í lok lögreglurannsóknar, en við það tækifæri hafði ákærði viðurkennt aðförina að Sigurmar.

Vitnið Sigurmar Davíð Gíslason hefur skýrt svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að kvöldið fyrir umræddan atburð hafi það verið í heimsókn að Urðarvegi 80 hjá unnustu sinni og fyrrverandi sambýliskonu ákærða, Heiðrúnu Huldu Jónasdóttur. Einhvern tíma milli kl. 1 og 2 hafi þau síðan lagst til svefnis í hjónarúmi í svefnhverbergi Heiðrúnar, hún vinstra megin í rúminu og vitnið hægra megin. Vaknaði vitnið síðan við það skömmu fyrir kl. 4, að búið var að stinga það með hnífi í kvið, og sá í sömu andrá ákærða bogra yfir sér með hníf í hendi. Taldi vitnið hjá lögreglu, að ákærði hefði á þeirri stundu setið á rúmstokknum til fóta vitnisins, en fyrir dómi vildi það ekki útiloka, að ákærði hefði staðið hokinn við rúmið með hnífinn í hendi. A.m.k. hefði vitninu fundist sem ákærði hygðist bregða hnífnum á loft öðru sinni, og spyrnti því til hans vinstra fæti með þeim afleiðingum, að hnífurinn fór í lær þess. Vildi vitnið þó fyrir dómi ekki gera of mikið úr ásetningi ákærða og kvað vel geta verið, að það hefði rekið fótlegginn í hnífinn, er það spratt á fætur. Tók vitnið fram af þessu tilefni, að það hefði ekki fundið neitt fyrir stungunni. Vitnið hefði síðan í framhaldi af henni náð hnífnum af ákærða og hent honum eitthvað frá sér. Ákvað vitnið síðan að freista þess að komast burt

og hljóp fram íbúðarganginn, en þar sagði vitnið ákærða hafa lamið í bak þess og reynt að hamla för þess út úr íbúðinni. Er vitnið síðan komst að útidyrnum, hefði það heyrð, að knúið var dyra, og náði annaðhvort vitnið eða Heiðrún, sem þá var vöknud, með naumindum að opna dyrnar. Fyrir utan stóð Sölvi Magnús Gíslason, og tók hann ákærða þegar fangbrögðum, en við það hefði vitnið komist út úr íbúðinni. Hljóp það síðan yfir í fjölbýlishúsið við hliðina (nr. 78) og barði þar á dyr íbúðar á jarðhæð, jafnframt því sem það hringdi dyrabjöllum þar innan dyra. Íbúðareigandinn hefði svo fljótlega komið til dyra og veitt vitninu aðhlyningu. Þá hefði hann hringt eftir sjúkrahúsi, sem flutt hefði vitnið á sjúkrahús, en um morguninn hefði svo verið flogið með það í sjúkraflugi til Reykjavíkur, þar sem það gekkst undir aðgerð. Kvað vitnið hafa þurft tólf spor til að loka skurðinum á læri, en sárið á kviði hefði verið saumað með fimm sporum. Einnig kom fram hjá vitninu, að við hnífstunguna hefði hnífurinn gengið gegnum líkama vitnisins og oddurinn komið út um bak þess, en þar hefði þó ekki þurft neinn saum.

Vitnið Heiðrún Hulda Jónasdóttir, kt. 080667-3969, hefur skýrt svo frá, að umrædda nótt hafi það og unnusti þess, Sigurmar Davíð, verið sofandi í hjónarúmi í svefnherbergi íbúðarinnar að Urðarvegi 80. Skömmu fyrir kl. 4 hafi vitnið svo vaknað við það, að Sigurmar kallaði upp yfir sig: „Hann stakk mig!“ Er Sigurmar síðan reis á fætur, sá vitnið, að blóð lagaði úr sári á líkama hans. Sagði vitnið hjá lögreglu, að um hefði verið að ræða stórt stungusár á kviði, en fyrir dómi taldi vitnið, að blóðið hefði lagað úr baki Sigurmars. Í sömu andrá hefði vitnið svo veitt ákærða athygli, þar sem hann stóð við hlið hjónarúmsins. Dreif vitnið sig því fram úr rúminu og sá þá stóran eldhússníf á gólfinu milli hjónarúmsins og barnarúms, sem í herberginu var. Hnifi þessum kvaðst vitnið hafa sparkað undir barnarúmið, en á meðan hefði ákærði veist aftur að Sigurmar og slegið hann í andlitið. Komst Sigurmar síðan við illan leik fram á íbúðarganginn, og þar sagði vitnið barsmíðarnar hafa haldið áfram. Vitnið hefði síðan veitt því athygli, að frændi ákærða, Sölvi Magnús Gíslason, var kominn inn í íbúðina, en ekki gat það áttað sig á því, hver opnað hefði fyrir honum. Kvað vitnið hugsanlegt, að sonur þess, þriggja ára, hefði opnað, en eins gæti verið, að það hefði sjálft náð að opna fyrir Sölva. Reyndi hann síðan að róa ákærða, en á meðan notaði Sigurmar tækifærið og hljóp út úr íbúðinni, klæddur nærbuxum einum fata. Sá vitnið ekki, hvert hann fór. Vitnið kvað Sölva síðan hafa ætlað að hringja eftir aðstoð, en er ákærði varð þess áskynja, hefði hann ráðist á Sölva, slitið símann úr sambandi og hrint honum út úr íbúðinni. Vissi vitnið ekki, hvað varð af Sölva eftir þetta.

Vitnið Guðjón Helgi Ólafsson, kt. 180366-4159, hefur skýrt svo frá við

rannsókn og meðferð málsins, að það hafi umrædda nótt vaknað um kl. 4 við miklar barsmíðar á útidyráhurð íbúðar sinnar að Urðarvegi 78 og þegar gert sér grein fyrir því, að eitthvað alvarlegt hlyti að hafa gerst. Fór vitnið til dyra og sá þá, hvar Sigurmar Davíð Gíslason stóð fyrir utan á nærbuxum einum fata, alblóðugur frá brjósti og niður. Lagðist hann síðan niður á forstofugólf íbúðarinnar og bað vitnið að hjálpa sér. Vitnið kvaðst því hafa hlaupið inn í þvottahús, náð þar í handklæði og haldið því upp að sári á kviði Sigurmars, sem mikið blæddi úr. Bað vitnið síðan eiginkonu sína að hringja eftir sjúkrafreið. Því næst reyndi vitnið að hlynnna að Sigurmar eftir bestu getu og í samræmi við reglur um skyndihjálp, sem það hefði lært. Jafnframt lagði vitnið áherslu á að róa Sigurmar og bað hann að tala sem minnst, en við komu hefði hann verið afar æstur. Meðal þess, sem Sigurmar þó sagði, var, að ákærði hefði stungið hann. Veitti vitnið í því sambandi einnig athygli, að Sigurmar var með áverka á læri, en lítið hefði blætt úr sárinu, enda um „smáskurð“ að ræða að mati vitnisins. Um það leyti, sem lögregla og sjúkralið komu á vettvang, sagði vitnið Sölva Magnús Gíslason hafa birst, og var hann greinilega miður sín.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu staðfesti Sölvi Magnús, að þeir ákærði hefðu umrædda nótt farið ölváðir að Urðarvegi 78 og ákærði spennt þar upp glugga og skriðið inn í íbúð Heiðrúnar Huldu Jónasdóttur. Vissi Sölvi það svo næst, er mikil öskur heyrðust innan úr íbúðinni. Er hann síðan komst inn í íbúðina, hefði hann tekið ákærða fangbrögðum, og á meðan hefði Sigurmar Davíð Gíslason komist á brott. Vissi Sölvi svo ekki, hvað af honum varð, fyrr en eftir að lögregla kom á vettvang.

Ekki náðist til Sölva Magnúsar, meðan á dómseyfirheyrslum stóð, en sakflytjendur lýstu yfir í lok þeirra, að þeir gerðu hvorugur kröfu til þess, að hann kæmi fyrir dóm sem vitni í málinu.

Persónulegir hagir ákærða.

Ákærði er fæddur á Ísafirði 17. ágúst 1962 og hefur alið þar allan sinn aldur. Að eigin sögn minnst hann æskuáranna með ánægju og segir öll samskipti við foreldra sína hafa verið góð. Hins vegar hafi sér gengið illa í grunnskóla og hætti því námi að loknum 9. bekk. Ákærði byrjaði síðan til sjós 16 ára gamall og hefur stundað sjómennsku æ síðan. Þó var hann tvo vetur í Stýrimannaskólanum í Reykjavík og lauk þar fiskimannaprófi rúmlega tvítugur að aldri.

Ákærði segist hafa byrjað að neyta áfengis, er hann var 15 ára, en þá aðeins drukkíð eitt kvöld í senn. Síðan hafi neyslan aukist, og um tvítugt hafi hann farið að drekka áfengi tvö kvöld í röð um helgar og jafnan orðið ofurólvi. Á árunum 1985 og 1986 segir ákærði neysluna hafa verið hvað mesta, og fylltist hann þá oft sektarkennd í kjölfar drykkjunnar. Eftir að

ákærði kynntist Heiðrúnu Huldu Jónasdóttur og þau tóku upp sambúð, hefði hann dregið verulega úr áfengisneyslunni, en hún síðan aukist að nýju eftir sambúðarslitin í apríl á þessu ári. Fluttist ákærði þá heim til foreldra sinna, en Heiðrún bjó áfram í íbúðinni að Urðarvegi 80 ásamt börnum þeirra tveimur, fæddum 24. ágúst 1988 og 22. janúar 1990.

Eftir sambúðarslitin segist ákærði hafa verið niðurbrotinn maður og kenndi Sigurmar Davíð um, hvernig komið væri, en Heiðrún Hulda hefði haldið við hann, meðan hún var enn í sambúð með ákærða. Þetta hefði ákærða sárnað verulega, og varð það til þess, að hann fór að leggja fæð á Sigurmar. Einnig var hann Heiðrúnu reiður fyrir að taka þann mann fram yfir sig.

Sem fyrr segir, gekkst ákærði undir rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi skömmu eftir kærðan atburð. Þáttur í þeirri rannsókn var sálfræðiprófun, þar sem lögð voru fyrir ákærða viðurkennd greindar- og persónuleikapróf. Hafði Margrét Bárðardóttir sálfræðingur umsjón með þessum þætti rannsóknarinnar. Í niðurstöðu hennar segir svo:

„Hér er um 29 ára gamlan meðalgreindan karlmann að ræða, sem er látinn sæta geðrannsókn fyrir að hafa ráðist á mann með hníf og veitt honum áverka í kjölfar sambúðarslita við sambýliskonu sína og barnsmóður tveggja barna. Hann virðist vera fremur maður athafna en hugsunar og hæfileiki til óhlutbundinnar hugsunar er fremur lítið til staðar. Það gæti hafa staðið honum fyrir þrífum við að sjá fram á afleiðingar gerða sinna jafnframt erfiðleikum við að tjá reiði og vonbrigði á eðlilegan máta, sem getur leitt til þess, að varnir bresta undir álagi og bældar tilfinningar brjótast út í óæskilegri hegðun.

Engin vísbending kom fram um alvarlegar persónuleikatrufnanir né óeðlilegar ofbeldishugmyndir. Þrátt fyrir depurðareinkenni og tilhneigingu til andfélagslegrar hegðunar, sem fram kemur í óhóflegri drykkju og lakri stjórn á hvötum, er um tiltölulega heilbrigðan einstakling að ræða, sem sýnir samkvæmt prófaniðurstöðum eðlileg tilfinningaleg viðbrögð miðað við aðstæður, en hefur einnig til að bera umhyggju og samkennd með öðrum.“

Sigurlaug Karlsdóttir geðlæknir hefur ritað skýrslu um geðheilbrigðisrannsóknina, sem hún hafði með höndum. Er þar meðal annars rakin persónusaga ákærða og gerð grein fyrir niðurstöðum úr ofangreindu sálfræðimati. Í ályktun sinni segir geðlæknirinn meðal annars:

„Sólvi er 29 ára gamall stýrimaður, tveggja barna faðir, sem í kjölfar sambúðarslita við barnsmóður sína stingur sambýlismann hennar með hnífi.

Sólvi hefur misnotað áfengi og á við áfengisvandamál að stríða. Hann er ekki haldinn geðsjúkdómi, og hann hefur engin merki um skerta heilastarfsemi.

Sölvi er meðalgreindur og hefur engar alvarlegar persónuleikatruflanir. Sölvi er sakhæfur.“

Lagt hefur verið fram í málinu afrit af samkomulagi um slit á óvígðri sambúð þeirra Heiðrúnar Huldu og ákærða, sem staðfest var af valdsmanni 10. apríl 1991. Er þar meðal annars kveðið á um forsjá barnanna til handa móður og þess jafnframt getið, að samkomulag hafi náðst um umgengnisrétt föður, þ.e. ákærða.

Þá liggur fyrir í málinu staðfest samkomulag sömu aðila um sambúðar-slitin, dagsett 16. apríl 1991, þar sem nánar er kveðið á um eignaskipti o.fl. Segir þar meðal annars, að íbúðin að Urðarvegi 80, 1. hæð t.v., skuli áfram vera eign ákærða, en Heiðrún hafa afnot af henni um hríð, þó ekki lengur en sex mánuði frá gerð samkomulagsins.

Samkvæmt framlagðri yfirlýsingu aðilanna frá 21. nóvember 1991 var efnendum samkvæmt ofangreindu samkomulagi lokið þann dag með því, að ákærði greiddi Heiðrúnu Huldu 600.000 krónur til kaupa á íbúðarhúsnæði.

Sama dag greiddi ákærði Sigurmar Heiðari (sic) 700.000 krónur í bætur vegna líkamsáverkanna. Lagði verjandi ákærða síðan fram yfirlýsingu Sigurmars þess efnis, að hann félli þar með frá bótakröfu í málinu. Kemur hún því ekki til álita við dómsálagningu í málinu.

Þá hefur verjandinn einnig lagt fram vottorð fjögurra atvinnurekenda, sem haft hafa ákærða í þjónustu sinni undanfarin ár. Bera þeir honum allir vel söguna og segja hann í starfi hafa sýnt af sér þrúðmennsku og háttvísi.

Niðurstaða.

Sannað er með eigin játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að hann hefur greint sinn veist að Sigurmar Davíð Gíslasyni, þar sem hann lá sofandi í rúmi við hlið unnustu sinnar í íbúð í margnefndu fjölbýlishúsi við Urðarveg og stungið hann með stórum eldhússhnifi vinstra megin í kvið undir vinstra rifjabarð með þeim afleiðingum, að Sigurmar hlaut stórfellda innvortis áverka, sem gera þurfti að með skurðaðgerð í Reykjavík síðar um nóttina. Telur dómurinn sannað með framlögðum læknavottorðum í málinu, að umræddir áverkar hafi verið lífshættulegir, þrátt fyrir það að ákærði næði skjótum bata og hlyti ekki varanlegt heilsu-tjón af atlögunni.

Ákærði hefur sjálfur borið við rannsókn og meðferð málsins, að fyrir sér hafi vakað að ráða Sigurmar bana með hnífstungunni, og segir þann ásetning hafa vaknað á þeirri stundu, er hann sá Sigurmar sofandi við hlið fyrrverandi sambýliskonu sinnar, en við það hafi ákærði fyllst slíku hatri í garð Sigurmars, að ekkert annað hafi komist að í huga sér en ráða manninn af dögum. Segist ákærði eftir þetta hafa farið fram í eldhús nefndrar

íbúðar, þar sem hann valdi sér hníf úr hnífa-, „statívi“ til að nota til verksins. Með hliðsjón af þessum framburði ákærða verður að telja sannað, að á áður nefndri stundu hafi vaknað hjá honum styrkur og einbeittur vilji til að ráða Sigurmar bana, enda var atlagan til þess fallin að valda dauða hans. Þykir ákærði því með verknaðinum hafa gerst sekur um tilraun til manndráps samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af framangreindri rannsókn Sigurlaugar Karlsdóttur á geðheilbrigði ákærða telur dómurinn hann vera sakhæfan.

Af gögnum málsins er ljóst, að ákærði átti afar erfitt með að sætta sig við, að sambúd hans og Heiðrúnar Huldu væri slitid, og kenndi Sigurmar Davíð að nokkru um, að svo hefði farið, enda taldi ákærði víst, að Heiðrún hefði verið í tygjum við Sigurmar, meðan hún var enn í sambúd með ákærða. Þá verður af framburði ákærða ráðið, að hann hafi einnig verið Heiðrúnu reiður vegna sambands hennar við Sigurmar í kjölfar sambúðar-slitanna. Verður að ætla, að þessar tilfinningar ákærða hafi síðan brotist út margumrædda nótt, er ákærði var orðinn ofurólvi, með þeim afleiðingum, að hann afréð að fara heim til Heiðrúnar í því skyni að kanna, hvort Sigurmar væri þar fyrir. Hvað síðan gerðist, er rakið hér að framan. Þótt vissulega megi hafa samúd með ákærða vegna umrædds verknaðar, sem hann framdi í mikilli reiði og geðshræringu, telur dómurinn hvorki sjónarmið 4. tl. 74. gr. né ákvæði 75. gr. almennra hegningarlaga koma til álita sem refsilækkunarástæður í málinu, enda upplýst, að ákærði braust ölvaður og án nokkurs erindis inn á heimili Heiðrúnar Huldu að næturlagi, meðan fólk var þar í fasta svefni, og lagði til unnusta hennar með hnífi í þeim tilgangi að ráða hann af dögum. Þykir þannig þvert á móti verða að meta þessi atriði til refsíþyngingar í málinu.

Á hinn bóginn þykir við ákvörðun refsingar einnig mega líta til hrein-skilnislegrar játningar ákærða svo og þess, að hann hefur ekki áður orðið uppvís að refsiverðri háttsemi og hefur þegar greitt að fullu þær bætur, sem Sigurmar Davíð fór fram á undir meðferð málsins.

Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað í málinu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, sem þykja með hliðsjón af umfangi málsins og óhjákvæmilegum ferðakostnaði vegna meðferðar þess hæfilega ákveðin 120.000 krónur. Þá greiði ákærði sömu fjárhæð í saksóknarlaun til ríkissjóðs, en af hálfu ákærvalds flutti Björn Helgason saksóknari málið hér fyrir dómi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sölvi Arnar Arnórsson, sæti fangelsi í fimm ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur, og saksóknarlaun til ríkissjóðs 120.000 krónur.
